


FORELDRI - VEISTU HVAÐ BARNIÐ ÞITT ER AÐ GERA Í FARSÍMANUM SÍNUM?..... EN Í IPADNUM?

Þriðjudaginn 25. febrúar næstkomandi stendur forvarnarteymi Árborgar, grunnskólarnir á Selfossi og foreldrafélög grunnskólanna fyrir fræðslufyrirlestri um internet- og nýmiðlanotkun í samstarfi við samtökin SAFT og Heimili og Skóla.



Þriðjudaginn
25. feb
kl. 20-21.30 í
Sunnulækjarskóla

Þættir eins og neteinelti, netsamskipti og hinir ýmsu samskiptamiðlar verða skoðaðir ásamt mörgu öðru. Ekki láta þetta tækifæri framhjá þér fara. Foreldrafélag Sunnulækjarskóla mun bjóða uppá léttar veitingar. Þess má geta að dagana 25. – 27. febrúar mun SAFT fara með fræðslu í alla 6. og 7. bekki grunnskóla í Árborg.

Heimasíða SAFT : <http://www.saft.is>

Misstu ekki af þessu tækifæri og kynntu þér þessi þörfu mál sem varða okkur öll